

Timburhólagrill Umf. Samhygðar

verður haldið föstudagskvöldið 13. júlí í skógræktargirðingunni Timburhólum. Kolin verða orðin heit ekki síðar 20:00. Vonum að sjá sem flesta.

Stjórnin

Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing við Félagslund	3. júlí
Íþróttæfing við Þjósárver	4. júlí
Boltaæfing við Þjósárver	5. júlí
Landsmót UMFÍ í Kópavogi	5.-8. júlí
Íþróttæfing við Félagslund	10. júlí
Gönguferð um Ásaveg	10. júlí
Íþróttæfing við Þjósárver	11. júlí
Boltaæfing við Þjósárver	12. júlí
Námskeið í jarðgerð og heimilisgarðyrkju	12. júlí
Timburhólagrill	13. júlí
Íþróttæfing við Félagslund	17. júlí
Íþróttæfing við Þjósárver	18. júlí
Boltaæfing við Þjósárver	19. júlí
Íþróttæfing við Félagslund	24. júlí
Íþróttæfing við Þjósárver	25. júlí
Boltaæfing við Þjósárver	26. júlí
Íþróttæfing við Félagslund	31. júlí
Unglingalandsmót á Höfn	3.-5. ágúst

Krakkar! Munið Unglingalandsmótið á Höfn um Verslunarmannahelgina!



ÁVEITAN



4. tbl. júlí 2007. 1. árg.

Útgefendur: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Ábyrgðarmenn: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Ágætu lesendur!

Hér gefur að líta júlítölublað Áveitunnar. Áveitan er nú gefin út í 265 eintökum og er dreift um allan Flóahrepp og víðar. Í þessu tölublaði verður tekið til við nýjan lið sem margir lesendur þekkja þó vel. Pistillinn hefur nú göngu sína, en slíkt efni er velþekkt úr fréttabréfum Ungmennafélaganna. Pistlaskrifin verða með þeim hætti að pistlahöfundur í hvert sinn skorar á einhvern annan sem næsta pistlahöfund. Umfjöllunarefni er algjörlega frjálst, en ritstjórn minnir þó á að hún áskilur sér rétt til að hafna pólitísku efni eða öðrum umkvörtunarpistlum. Mælst er til að pistlarnir verði ekki lengri en svo að þeir rúmist á einni síðu í blaðinu. Rétt er að geta þess að þó að fólk hafi áður skrifað pistil í gömlu fréttabréf ungmennafélaganna má alveg skora á það aftur.

Það er von okkar sem að Áveitunni stöndum að þetta muni mælast vel fyrir og að fólk bregðist skjótt við verði skorað á það að skrifa. Fyrsti pistlahöfundur er Erlingur Snær Loftsson á Skúflæk II.

Njótið nú sumarsins ágætu lesendur, því það verður búið áður en þið vitið af.

Ritstjórar

Flóamótið

Í frjálsum íþróttum barna 14 ára og yngri fer fram á íþróttavellinum við Félagslund 25. ágúst og hefst keppni kl. 13:30. Mótið er umsjá Samhygðar sem etur kappi við Vöku og Baldur í spennandi stigakeppni.

Nánar auglýst í næstu Áveitu.

Markús verður sextugur Söfnum saman

Markús bóndi Ívarsson á Vorsabæjarhóli verður sextugur þann 20. júlí næstkomandi. Hann mun líklegast fara huldu höfði um þær mundir enda hélt hann eftirminnilega veislu fyrir tíu árum þegar hann fagnaði fimmtugsafmælinu.

Markús er eins og allir vita óforbetranlegur áhugamaður um íþróttir og heyrst hefur að hann hafi látið sig dreyma um að heimsækja Ólympíuleikana í Peking á næsta ári. Því hafa vinir og velunnarar Markúsar tekið sig saman og stofnað reikning í banka í hans nafni til söfnunar í ferðasjóðinn. Þar geta allir sem vilja lagt fram eftir efnum og ástæðum einhverja fjárhæð í afmælisgjöf til láta drauminn rætast. Líklega hafa fáir lagt á sig meiri vinnu og fyrirhöfn fyrir æsku og íþróttir áratugum saman en Markús og nú gefst færi á að endurgjalda það. Þessu framtaki fylgja góðar óskir til afmælisbarnsins og þakkar til þeirra sem verða með.

Tölurnar sem þarf að muna ef menn vilja leggja af mörkum eru þessar:

KB-banki 0301
höfuðbók 13
reikningur 303745
kt. 200747-3649

Frá sveitarstjóra

Lóð til úthlutunar

Flóahreppur auglýsir íbúðarlóð lausa til úthlutunar í Brandshúsahverfi, skammt frá Félagslundu.

Í Brandshúsahverfi eru skipulagðar 7 íbúðarlóðir. Fjarlægð frá Sel-fossi er um 13 km, bundið slitlag alla leið.

Lóðin er 2.116 m² að stærð samkvæmt lóðablaði og er tilbúin til framkvæmda af lóðarhafa.

Lóðin er leigð til 50 ára samkvæmt lóðarleigusamningi og eru engin gatnagerðargjöld lögð á hana.

Árleg lóðarleiga er samkvæmt álagningarreglum sveitarfélagsins hverju sinni, nú 1% af lóðarmati.

Óskað er eftir skriflegum tilboðum í staðfestingargjald fyrir lóðina á skrifstofu Flóahrepps, Þingborg, 801 Selfoss, merkt: Brandshús 7, fyrir 20. júlí 2007.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Ákveðið hefur verið að haustferðin okkar verði farin til Akureyrar dagana 14.-16. ágúst næstkomandi. Gist verður á gistiheimilinu Gulu villunni sem er í Þingvallastræti 14 og farið verður á einkabílum. Ekki er búið að ákveða hvað verður gert eða skoðað, en við getum örugglega fundið okkur eitthvað til dundurs í höfuðstað Norðurlands. Þær sem geta farið á bíl vinsamlega látið vita þegar þið staðfestið þátttöku. Þátttöku þarf að tilkynna í síðasta lagi 3. ágúst til Sólveigar í síma 869 6534 eða 482 2553.

Skemmtinefndin

Tilkynning frá Krakkaborg

Einhver bilun varð í stöðluðu umsóknarbréfi á heimasíðu leikskólans Krakkaborgar. Vil ég biðja þá sem gætu hafa sótt um leikskóladvöl fyrir barn sitt með þeim hætti að hafa samband við Þórdísi í síma 661-2923.

Með góðum sumarkveðjum, Þórdís Bjarnadóttir

Rúllun

Tek að mér að rúlla fyrir bændur. Er með Vicon samstæðu með söxun og netbindingu. 700 kr. rúllan án plasts eða 1000 kr. með plasti.

Upplýsingar í síma 696-8653 eða 486-3390

Sigmar Aðalsteinsson
Jaðarkoti

17. Júnímót Umf. Samhygðar 2007

Strakar			Stelpur		
Langstökk					
Nafn	ár	Lengsta stökk	Nafn	ár	Lengsta stökk
Sölvi Ólafsson	1995	3,75	Hugrún Hlín Gunnardóttir	1994	3,59
Magnús Freyr Bárðarson	1998	2,87	Sólrún Inga Gísladóttir	1996	3,09
Guðlaugur Ísak Gíslason	1998	2,82	Aldís Baldursdóttir	1995	3,06
Unnar Freyr Bjarnarson	1998	2,58	Guðbjörg Hrönn Tyrfingsdóttir	1996	2,98
Baldur Þór Bjarnarson	1998	2,58	Arndís Hildur Tyrfingsdóttir	1998	2,51
Viðar Janus Helgason	1997	2,57	Oddný Lára Ólafsdóttir	1998	2,10
Haukur Snær Gunnarsson	1996	2,51	Anika Elsy Ívarsdóttir	1999	1,81
Þórarinn Helgason	1999	2,07	Linda Rós Leifsdóttir	2001	1,54
Guðjón Leó Tyrfingsson	2001	1,94			
Kári Kristinsson	2001	1,73			
Björn Torfi Tryggvason	2002	1,57			
Kristján Arason	2003	1,32			

60 m hlaup			60 m hlaup		
Nafn	ár	Tími	Nafn	ár	Tími
Sölvi Ólafsson	1995	10,0	Hugrún Hlín Gunnardóttir	1994	9,8
Haukur Snær Gunnarsson	1996	11,5	Aldís Baldursdóttir	1995	9,9
Magnús Freyr Bárðarson	1998	11,5	Guðbjörg Hrönn Tyrfingsdóttir	1996	10,3
Unnar Freyr Bjarnarson	1998	12,4	Lea Björg Ólafsdóttir	1996	10,9
Viðar Janus Helgason	1997	12,5	Arndís Hildur Tyrfingsdóttir	1998	12,5
Guðjón Leó Tyrfingsson	2001	13,2	Oddný Lára Ólafsdóttir	1998	14,2
Kári Kristinsson	2001	13,9	Linda Rós Leifsdóttir	2001	14,3
Baldur Þór Bjarnarson	1998	14,0	Anika Elsy Ívarsdóttir	1999	15,0
Þórarinn Helgason	1999	14,5			
Árman Baldur Bragason	2002	16,3			
Björn Torfi Tryggvason	2002	17,7			
Kristján Arason	2003	22,4			
Ágúst Þorsteinsson	2004	24,2			
Fróði Kristinsson	2005	28,9			

Hringhlaup			Hringhlaup		
Nafn	ár	Tími	Nafn	ár	Tími
Sölvi Ólafsson	1995	01:25,8	Hugrún Hlín Gunnardóttir	1994	01:28,0
Magnús Freyr Bárðarson	1998	01:37,3	Aldís Baldursdóttir	1995	01:29,0
Haukur Snær Gunnarsson	1996	01:59,7	Guðbjörg Hrönn Tyrfingsdóttir	1996	01:35,7
Guðjón Leó Tyrfingsson	2001	02:15,7	Arndís Hildur Tyrfingsdóttir	1998	01:42,0
Kári Kristinsson	2001	02:18,6	Oddný Lára Ólafsdóttir	1998	01:49,9
Björn Torfi Tryggvason	2002	02:36,5			
Kristján Arason	2003	02:44,8			

Öllum keppendum var afhent viðurkenningarskjal fyrir þáttöku að móti loknu en 17. júní bikarinn fyrir besta afrek mótsins samkvæmt stigatöflu hlaut Sölvi Ólafsson fyrir langstökk 3,75 sem gefur 775 stig.

Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri í síma 482-3260 frá kl. 9:00-13:00 alla virka daga.

Ársreikningur 2006

Ársreikningur A og B-hluta Flóahrepps fyrir árið 2006 var lagður fram til seinni umræðu á fundi sveitarstjórnar 13. júní.

Ársreikningurinn samanstendur af rekstri sveitarfélaganna þriggja fyrri hluta ársins og rekstri sameinaðs sveitarfélags seinni hluta ársins. Samanburðarfjárhæðir við árið 2005 í efnahagsreikningi eru samanlagðar fjárhæðir allra sveitarfélaganna.

Til A hluta telst starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð og Eignasjóð.

Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi Flóahrepps eru vatnsveita og leiguíbúðir.

Ársreikningurinn var til fyrri umræðu 6. júní s.l. og kom Auðunn Guðjónsson endurskoðandi KPMG á fund sveitarstjórnar og kynnti reikninginn.

Helstu niðurstöður samantektar A og B hluta eru eftirfarandi:

Heildarrekstrartekjur	kr. 255.431.603
Heildarrekstrargjöld	kr. 243.436.065
Rekstrarniðurstaða	kr. 6.771.800
Eigið fé	kr. 230.222.517
Skuldir	kr. 140.559.161
Eignir	kr. 370.781.678

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða og áritaður. Hann er aðgengilegur á heimasíðunni www.floahreppur.is Þeir sem óska eftir útprentuðum eintökum geta nálgast þau á skrifstofu sveitarfélagsins.

Íbúafundur um aðalskipulag

Fjölmenur fundur var haldinn í Þjórsárverri mánudagskvöldið 25. júní, vegna kynningar á tillögum að aðalskipulagi fyrrum Villinga-holtshrepps.

Guðmundur Stefánsson stýrði fundi.

Aðalsteinn Sveinsson oddviti, setti fund og skýrði frá aðdraganda þess að kynntar væru tvær tillögur, annars vegar tillaga sem gerir ráð fyrir Urriðafossvirkjun og hins vegar tillaga sem gerir ekki ráð fyrir virkjun.

Gísli Gíslason landslagsarkitekt hjá Landmótun, kynnti tillögurnar og fór yfir greinargerð með aðalskipulagi þar sem fram komu helstu áhersluatriði skipulagsins og hvaða breytingar þarf að auglýsa á aðalskipulagi Hraungerðis-og Gaulverjabæjarhrepps til að samræma skipulagsáætlanir.

Margrét Sigurðardóttir kynnti efnisinnihald draga að samkomulagi um mótvægisáðgerðir Landsvirkjunar, verði Urriðafossvirkjun sett inn á aðalskipulag.

Áðgerðir fela m.a. í sér uppbyggingu Urriðafossvegar og Hamarsvegar, lögn aðveitu vatnsveitu í sveitarfélagið og endurbætur á gsm símakerfi.

Að því loknu var mælendaskrá opnuð. Fjölmargir tóku til máls, bæði íbúar og aðrir sem ekki búa í sveitarfélaginu.

Allflestir þeirra sem til máls tóku lýstu sig andvíga virkjunarhugleiðingum og skoruðu á sveitarstjórn að auglýsa tillögu án Urriðafossvirkjunar.

Ein tillaga var borin upp á fundinum sem gerði ráð fyrir því að vinna við aðalskipulag Villingaholtshrepps yrði hætt og hafin yrði vinna við aðalskipulag Flóahrepps ásamt því að endurvekja skipulagsnefnd Flóahrepps.

Framkvæmdir í Flóahreppi

Gerður hefur verið verksamningur við Krítunga ehf. um viðgerð á þaki leikskólans Krakkaborgar samkvæmt tilboði í verðkönnun 23. maí 2007. Viðgerðin felur í sér rif og förgun á eldra þakjárnri og þakköntum, setja nýtt járn á þak ásamt þakköntum, rífa stromp, athuga lekaskemmdir ofl.

Verkið verður unnið í júlí á meðan sumarleyfi er í leikskóla. Kostnaðaráætlun er hærri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir og verður tekið tillit til þess við endurskoðun áætlunar.

Lóðagerð við Þingborg er nú nánast lokið.

Fyrirtækið Suðurlandsverktakar hafa annast framkvæmdir sem fól

Pistillinn

Sælt veri fólkið,

Ábyrgðarmenn Áveitunnar skoruðu á mig að skrifa pistil og hef ég ákveðið að verða við þeirri bön. Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem ég skrifa pistil er ég svolítið hugmyndaflítill en ætla samt ekki að telja upp hversu oft ég hef verið næstum dauður eins og Jón M. Ívarsson skrifaði um á sínum tíma.

Eins og sumir vita í gamla Villingaholtshreppnum voru myndir úr starfi ungmennafélagsins svo fáar að ekki þótti taka því að sýna þær. Þá kom uppástunga um að velja ljósmyndara fyrir félagið og ákvað ég að bjóðast til að taka það að mér. Sem var svo seinna samþykkt.

Ég hef reynt að vera viðstaddur flesta viðburði og er einn þeirra mér minnstæðastur en hann kemur reyndar UMF. Vöku lítið við. Það var gangan sem Einar Helgi Haraldsson bóndi að Urriðafossi stóð fyrir þann 26. maí síðastliðinn, en þar var gengið frá landamörkum Urriðafoss og Egilsstaðakots upp eftir Þjórsá og að fossinum sjálfum.

Ég held ég tali fyrir hönd þeirra sem gengu að hún var bæði fræðandi og skemmtileg og á Einar hrós skilið að mínu mati. Í lok göngunnar fengu flestir sér kakó/kaffi, brauð og kleinur, en Kvenfélagið stóð fyrir kaffisölu á laugardeginum fyrir gesti og gangandi.

Ég vil benda á að ef þið viljið festa einhverja atburði á filmu, þá er hægt að ná í mig annað hvort með því að senda mér póst á elli-veidi@visir.is eða hringja. S:868-9694.

Mig langar að skora á Harald Einarsson formann UMF. Vöku að skrifa næsta pistil.

Erlingur Snær
á Skúflæk 2

Stigakeppni:

1. UMF. Selfoss	277,0 stig
2. Íþrf. Dímon	117,0 stig
3. UMF. Vaka	85,0 stig
4. UMF. Samhygð	29,0 stig
5. UMF. Laugdæla	9,0 stig
6. UMF. Þór	4,0 stig

Haraldur Einarsson var stigahæsti karl mótsins með 33 stig.

Unglingamót HSK

Haldið 27.-28. júní á Laugarvatni

Árangur keppenda Vöku:

Guðmunda Ólafsdóttir	'89	Spjótkast	24,58m	2. sæti
		Kúluvarp	6,46m	3. sæti
		Kringlukast	18,06m	4. sæti
Haraldur Einarsson	'87	100m	11,97sek	1. sæti
		400m	56,50sek	1. sæti
		Þrístökk	12,58m	1. sæti
		Langstökk	5,74m	1. sæti
		Hástökk	1,55m	2. sæti
		Spjótkast	29,92m	Gestur
Ingunn Harpa Bjarkadóttir	'91	Langstökk	4,20m	2. sæti
		Hástökk	1,40m	1. sæti
		Kúluvarp	7,82m	1. sæti
		Spjótkast	20,96m	2. sæti
Oddný Ása Ingjalds.	'88	Kúluvarp	7,63m	1. sæti
		Spjótkast	17,17m	2. sæti
Tómas Karl Guðsteinsson	'90	100m	13,31sek	3. sæti
		Langstökk	4,48m	3. sæti
		800m	2:39,29mín	3. sæti
Unnur Bjarkadóttir	'86	Spjótkast	15,15m	3. sæti
		Langstökk	3,65m	1. sæti

Stigakeppni:

1. UMF. Selfoss	252,0 stig
2. Íþrf. Dímon	170,0 stig
3. UMF. Vaka	96,0 stig
4. UMF. Laugdæla	42,0 stig
5. Íþrf. Garpur	18,0 stig

Í sér lóðagerð kringum félagsheimilið Þingborg, hellulögn, frágang á bílastæðum með kantsteinum ofl.

Tilboðsverð voru samkvæmt þeim kostnaði sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

Óskað var eftir tilboðum í viðbyggingu við kennarabústað við Flóaskóla og voru þau opnuð 14. júní.

Stærð viðbyggingar er um 40m² og skal verki lokið að fullu fyrir 1. október 2007 samkvæmt útboði.

Dagdvöl aldraðra

Föstudaginn 22. júní s.l. var skrifað undir samkomulag milli Árborgar og Flóahrepps um dagdvöl aldraðra í Flóahreppi.

Samningurinn er tilkominn vegna lausra rýma í dagdvöl og þörf hjá Flóahreppi fyrir slíkt úrræði fyrir eldri borgara í Flóahreppi. Markmiðið er að fullnýta dagdvöl aldraðra í Árborg og veita samtímis eldri borgurum í Flóahreppi möguleika á vistunarúrræðum. Dagdvöl er stuðningsúrræði fyrir aldraða sem búa í heimahúsum. Dvöl í dagdvöl er tímabundin, ýmist daglega eða nokkra daga í viku. Í dagdvöl aldraðra í Árborg er aðstaða til þjálfunar. Boðið er upp á mat á heilsufari, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Einnig er boðið uppá hádegismat og síðdegiskaffi.

Umhverfisverðlaun Flóahrepps 2007

Umhverfisnefnd Flóahrepps hefur í samráði við sveitarstjórn ákveðið að veita verðlaun til þeirra sem þykja skara framúr varðandi snyrtimennsku og alúð við að fegra umhverfi sitt í sveitarfélaginu.

Markmiðið er að vekja athygli á og veita viðurkenningu fyrir það sem vel er gert í þessum málum í Flóahreppi.

Óskað er eftir tilnefningum eða ábendingum um aðila sem hafa á áberandi hátt verið til fyrirmyndar um snyrtimennsku og nærgætni við umhverfi sitt.

Tilnefningar berist á skrifstofu Flóahrepps á netfangið floahreppur@floahreppur.is, merkt umhverfisverðlaun Flóahrepps 2007 eða í síma 482-3260.

Hross í óskilum á Egilsstöðum

Á Egilsstöðum II er brúnt mertryppi í óskilum síðan í mars, hvorki markað né örmerkt.

Heimilisgarðyrkja og jarðgerð

Fimmtudaginn 12. júlí n.k. verður haldið námskeið í jarðgerð og heimilisgarðyrkju í félagsheimilinu Þingborg kl. 20.30.

Hafsteinn Hafliðason garðyrkjufæðingur verður leiðbeinandi á námskeiðinu.

Móttaka á ónýtum bílum sem á að afskrá vegna skilagjalds

Helgi Sigurðsson, Súluholti, er með starfsleyfi til móttöku á bílum sem fólk vill láta afskrá vegna skilagjalds.

Íbúar eru hvattir til að koma ónýtum bílum til Helga. Frekari upplýsingar veitir Helgi í síma 892-9872.

Gönguferð

Þriðjudagskvöldið 10. júlí ættu flestir að vera búnir með fyrri slátt og sár hetjanna sem gerðu það gott á Landsmóti að vera gróin. Þar með ætti sá dagur að henta vel til að bregða sér í göngutúr.

Klukkan 20:30 er mæting við Orrustudal og verður genginn **Ásavegurinn** sem er merkt gönguleið um holtalönd Flóans. Gengið verður undan vindi þannig að ef það verður norðanátt mun fólk sameinast í bíla við Orrustudal og keyra að Hnausi þar sem hinn endi gönguleiðarinnar er, og þá mun gangan enda við Orrustudal. Gangan ætti að taka 2-3 klst með stoppi. Stoppað verður við Skotmannshól og þess vegna ætti fólk að hafa með sér hressingu til að efla gönguþrekið. Líka er upplagt að hafa með sér kík til að virða betur fyrir sér útsýnið. Allt áhugafólk um útivist á björtum sumarkvöldum ætti að mæta, allir eru velkomnir.

Umf. Vaka

Héraðsmót HSK

Haldið 12.-13. júní á Laugarvatni

Árangur keppenda Samhygðar og Vöku:

Fanney Ólafsdóttir	'80	Þrístökk	9,70m	4. sæti
		Kringlukast	23,87m	3. sæti
		Langstökk	4,88m	2. sæti
Guðbergur Kristjánsson	'85	Hástökk	1,65m	3. sæti
		Spjótkast	32,91m	4. sæti
		100m	13,95sek	5. sæti
		400m	60,98sek	3. sæti
		Þrístökk	10,44m	4. sæti
Haraldur Einarsson	'87	100m	13,31sek	2. sæti
		400m	57,30sek	1. sæti
		Þrístökk	12,51m	1. sæti
		Langstökk	6,04m	2. sæti
		200m	25,61sek	1. sæti
		110m grind	22,04sek	2. sæti
Helga Björg Helgadóttir	'87	100m	15,67sek	9. sæti
		Þrístökk	8,14m	8. sæti
		Spjótkast	17,85m	5. sæti
Hulda Kristjánsdóttir	'84	Kúluvarp	8,32m	4. sæti
Ingunn Harpa Bjarkadóttir	'91	Langstökk	4,23m	8. sæti
Kristinn Þór Kristinsson	'89	800 m	2,21 mín	1. sæti
		1500 m	5:13,39 mín	2. sæti
		5000 m	21:41,27 mín	2. sæti
Markús Ívarsson	'47	5000 m	25:07,36 mín	4. sæti
Oddný Ása Ingjaldsdóttir	'88	Kúluvarp	7,63m	6. sæti
Stefán Geirsson	'81	Kúluvarp	11,80 m	2. sæti
		Kringlukast	30,25 m	2. sæti
Tómas Karl Guðsteinsson	'90	100m	14,40sek	6. sæti
		Langstökk	4,71m	6. sæti
		800m	2:41,01mín	3. sæti
Unnur Bjarkadóttir	'86	100m	15,63sek	8. sæti
		Langstökk	3,90m	11. sæti
Örvar Rafn Hlíðdal	'84	Hástökk	1,65m	4. sæti
		100m	13,51sek	3. sæti
		Þrístökk	10,41m	5. sæti
		Langstökk	5,63m	4. sæti
4x100m kv (Hulda, Ingunn, Unnur og Fanney)			60,16sek	3. sæti
4x100m kk (Andri Þór, Örvar, Tómas og Haraldur)			50,78sek	1. sæti

Stigakeppni:

Strákar	Stig	Stelpur	Stig
1. Halldór Bjarnason	13	1-2. Ásrún Halla Loftsdóttir	14
2. Hlynur Logi Erlingsson	10	1-2. Guðrún Inga Helgadóttir	14
3. Arnar Einarsson	6	3.-4. Anna Sigurveig Ólafsdóttir	4
4. Sveinn Orri Einarsson	4,5	3.-4. Kolbrún Katla Jónsdóttir	4
5. Víkingur Freyr Erlingsson	3,5	5. Klara Sól Ólafsdóttir	1
6. Þorgils Kári Sigurðarson	2		
7. Ægir Atlason	1		

Landsmót UMFÍ 5.-8. júlí

Landsmót UMFÍ verður helgina 5.-8. júlí n.k. í Kópavogi. HSK sendir um 240 manna lið til keppni og eru nokkrir keppendur héðan úr Vöku og Samhygð. Þeir eru:

Sigmar Örn Aðalsteinsson	Dráttarvélaakstur
Jón Valgeir Geirsson	Dráttarvélaakstur
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir	Stafsetning
Fanney Ólafsdóttir	Pönnukökubakstur, langstökk og kringlukast
Þórunn Kristjánsdóttir	Jurtagreining
Gróa Valgerður Ingimundardóttir	Jurtagreining
Kristín Stefánsdóttir	Jurtagreining
Stefán Geirsson	Glíma, kúluvarp og kringlukast
Jón M. Ívarsson	Stafsetning
Unnur Stefánsdóttir	Pönnukökubakstur
Kristinn Þór Kristinsson	800 m og 1500 m
Haraldur Einarsson	100 m, langstökk, þrístökk, 400 m og starfshlaup
Guðbergur Kristjánsson	400 m hlaup

Fólk er hvatt til að fjölmenna í Kópavog og fylgjast með þessum mikla íþróttaviðburði. Dagskrá og frekari upplýsingar má nálgast á heimasíðu mótsins á <http://landsmot.kopavogur.is>

Fréttir frá Flóaskóla

Nemendur og starfsfólk Flóaskóla er nú í sumarfrí, en skólaslit voru 31. maí sl. Kennarar voru við störf í eina viku eftir að skóla var slitið, við uppgjör, frágang og tiltekt og undirbúning næsta skólaárs.

Síðustu skóladagarnir í Flóaskóla voru viðburðaríkir og skemmtilegir. Við hældum íþróttadag við skólann, grilluðum úti, fórum í fjöruferð og menningarferð til Reykjavíkur. Veðrið lék við okkur alla dagana og gerði útivistina enn betri en ella.

Í vor hefur endurtekið verið auglýst eftir kennurum fyrir næsta skólaár, en viðbrögð við þeim auglýsingum hafa látið á sér standa. Er það mál manna innan skólageirans að erfðara sé að ráða réttindakennara til starfa nú en oft áður, og leiða menn líkum að því að gott atvinnuástand í landinu geti haft þar eitthvað að segja, þ.e. að kennarar séu að leita í önnur störf. Einnig gæti óánægja kennara með kjarasamninga þarna verið að segja til sín. Skólastjóri mun nota sumarið til að fiska eftir fólki og bindur vonir við að fullmannað verði í allar stöður í byrjun ágúst.

Í júní mánuði stóð yfir íþrótt- og leikjanámskeið á útisvæðinu við Flóaskóla og Þjórásarver. Það var HSK, ásamt ungmennafélögunum Baldri, Samhygð og Vöku sem stóð fyrir námskeiðinu. Ríflega þriðjungur nemenda í Flóaskóla tók þátt og lýsir undirrituð yfir ánægju sinni með námskeiðið og þetta framtak ungmennafélaganna. Hugmyndir hafa vaknað um hugsanlegt framtíðarsamstarf skólans og ungmennafélaganna að æskulýðs- og íþróttamálum, og mun skólastjóri leita eftir umræðu um það við forsvarsmenn ungmennafélaganna.

Og nú þegar tími sumarleyfanna gengur í garð bið ég ykkur að fara varlega í umferðinni. Ég hvet bændur til að huga að reglum um stjórn og meðferð vinnuvéla og nota ekki vinnukraft ungra barna á þau tæki.

Heimili nemenda fá sent í pósti í sumar nýsamþykkt skóladagatal fyrir skólaárið 2007-2008, en samkvæmt því er skólasetning mánudaginn 27. ágúst. Nemendur fá þá afhentar stundaskrár og kennsla hefst samkvæmt þeim þriðjudaginn 28. ágúst.

Ég sendi bestu kveðjur til íbúa Flóahrepps, með þakklæti fyrir samstarfið og stuðninginn í vetur.

Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.

17. júnímót Umf. Vöku

úrslit

60m hlaup stráka

1. Arnar Einarsson	9,6 sek
2. Halldór Bjarnason	9,7 sek
3. Hlynur Logi Erlingsson	9,8 sek
4-5. Sveinn Orri Einarsson	10,9 sek
4-5. Víkingur Freyr Erlingsson	10,9 sek
6. Þorgils Kári Sigurðarson	11,3 sek
7. Ægir Atlason	11,4 sek
8. Sigurður J. Bogans	13,4 sek
Gestur: Ólafur Týr Stefánsson	14,7 sek

60m hlaup stelpna

1. Guðrún Inga Helgadóttir	10,5 sek
2. Ásrún Halla Loftsdóttir	11,3 sek
3. Kolbrún Katla Jónsdóttir	17,4 sek
4. Anna Sigurveig Ólafsdóttir	18,1 sek
5. Klara Sól Ólafsdóttir	21,7 sek
6. Elizabeth Karen Bogans	22,0 sek
Gestir: Ingibjörg Hjörleifsdóttir	10,6 sek
Kristrún Gestsdóttir	10,8 sek
Rakel Ýr Stefánsdóttir	11,7 sek
Ólöf Björk Sigurðardóttir	12,1 sek

Langstökk stráka

1. Hlynur Logi Erlingsson	3,70m
2. Halldór Bjarnason	3,49m
3. Arnar Einarsson	3,46m
4. Víkingur Freyr Erlingsson	3,18m
5. Ægir Atlason	3,16m
6. Sveinn Orri Einarsson	2,93m
7. Þorgils Kári Sigurðarson	2,74m
8. Sigurður J. Bogans	1,98m

Langstökk stelpna

1. Ásrún Halla Loftsdóttir	3,25m
2. Guðrún Inga Helgadóttir	3,06m
3. Kolbrún Katla Jónsdóttir	1,49m
4. Anna Sigurveig Ólafsdóttir	1,21m
5. Klara Sól Ólafsdóttir	0,88m

Gestir: Kristrún Gestsdóttir	3,28m
Ingibjörg Hjörleifsdóttir	3,17m
Ólöf Björk Sigurðardóttir	2,88m
Rakel Ýr Stefánsdóttir	2,39m

Kúluvarp stráka

1. Hlynur Logi Erlingsson	10,38m
2. Halldór Bjarnason	7,24m
3. Víkingur Freyr Erlingsson	7,13m
4. Sveinn Orri Einarsson	6,54m
5. Arnar Einarsson	5,94m
6. Ægir Atlason	5,80m
7. Þorgils Kári Sigurðarson	4,95m
8. Sigurður J. Bogans	3,04m

Kúluvarp stelpna

1. Ásrún Halla Loftsdóttir	6,30m
2. Guðrún Inga Helgadóttir	5,56m
3. Anna Sigurveig Ólafsdóttir	1,21m
4. Klara Sól Ólafsdóttir	0,85m
Gestir: Ingibjörg Hjörleifsdóttir	6,41m
Ólöf Björk Sigurðardóttir	5,32m
Kristrún Gestsdóttir	5,16m

800m hlaup stráka

1. Halldór Bjarnason	3,31 mín
2. Sveinn Orri Einarsson	3,36 mín
3. Þorgils Kári Sigurðarson	3,39 mín
4. Ægir Atlason	3,42 mín
5. Arnar Einarsson	3,51 mín
6. Víkingur Freyr Erlingsson	4,04 mín
7. Hlynur Logi Erlingsson	4,56 mín

800m hlaup stelpna

1. Guðrún Inga Helgadóttir	3,49 mín
2. Ásrún Halla Loftsdóttir	3,54 mín
Gestir: Rakel Ýr Stefánsdóttir	4,13mín
Ingibjörg Hjörleifsdóttir	5,07 mín
Kristrún Gestsdóttir	5,07 mín
Ólöf Björk Sigurðardóttir	5,07 mín